

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um ættleiðingar, nr. 130/1999 (ættleiðendur).

Flm.: Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir,
Ágúst Bjarni Garðarsson, Þórarinn Ingi Pétursson,
Líneik Anna Sævarsdóttir, Halla Signý Kristjánsdóttir,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Dagbjört Hákonardóttir.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Öðru hjóna eða einstaklingi í óvígðri sambúð má þó með samþykki hins veita leyfi til að ættleiða barn þess eða kjörbarn, enda hafi það í a.m.k. fimm ár tekið virkan þátt í uppeldi barnsins þegar það var á barnsaldri. Falla má frá kröfu um 5 ára aðkomu að uppeldi ef sérstakar ástæður mæla með ættleiðingu. Sama gildir hafi einstaklingur verið í hjúskap eða óvígðri sambúð með foreldri barns en hjúskap eða óvígðri sambúð hefur lokið með skilnaði, sambúðarslitum eða andláti.

2. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú ættleiðir einstaklingur barn fyrrverandi maka eða sambúðarmaka eða barn látins maka eða sambúðarmaka og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það eigið barn þessara tveggja einstaklinga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 151. löggjafarþingi (692. mál) og á 153. löggjafarþingi (196. mál) þar sem það var endurflutt með breytingum í samræmi við athugasemdir sem bárust um frumvarpið á 151. löggjafarþingi. Umsagnir um frumvarpið hafa verið jákvæðar og það talið framfaraskref. Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á 2. og 25. gr. laga um ættleiðingar, nr. 130/1999, með síðari breytingum. Í breytingunni felst að einstaklingur sem hefur verið í sambúð eða hjúskap við annað foreldrið en síðar slitið samvistum við það geti óskað eftir að ættleiða barnið án þess að lagatengsl rofni við hitt foreldrið. Einnig er lögð til heimild til að ættleiða barn eða kjörbarn einstaklings sem hefur fallið frá. Hér er um að ræða að sá sem ættleiðir kemur í stað annars foreldris, þ.e. að barn hafi eftir ættleiðingu lagatengsl við tvo aðila. Gerð er krafa um að viðkomandi aðili hafi tekið virkan þátt í uppeldi barnsins þegar það var á barnsaldri en falla frá má þeim kröfum ef sérstakar ástæður mæla með ættleiðingu.

Markmið frumvarpsins er að tryggja að umsækjandi sem alið hefur upp barn geti fengið ættleiðingarleyfi þrátt fyrir að hafa slitið sambúð eða hjónabandi við foreldrið. Eins og staðan

er nú getur einstaklingur sem alið hefur upp barn í fjölda ára ekki sótt um að ættleiða það barn ef viðkomandi hefur slitið sambúð eða hjónabandi við hitt foreldrið. Mögulega eiga þessir einstaklingar önnur börn saman og sá sem óskar eftir ættleiðingunni vill tryggja að barn sem hefur alist upp hjá viðkomandi hafi sömu réttindi og önnur börn hans. Samkvæmt núgildandi lögum getur einstaklingur sem óskar eftir að ættleiða barn sem alist hefur upp hjá honum sótt um ættleiðingu sem einstaklingur, sbr. 4. mgr. 2. gr., en það hefur þau réttaráhrif að lagatengsl barns við báða blóðforeldra rofnar.